

Fundur 11.11.2024 Úlfur Ragnarsson læknir.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Góða kvöldið.*

Er ég alltaf að skilja þetta málefni betur og betur, og vona ég að ég geti magnað ykkur öll hér í kvöld og ykkur nákomna.

Og tala ég til ykkar úr stjórnusambandsstöð, á fjalli einu miklu á okkar hnetti.

Og vona ég vissulega að ég komi erindi mínu í gegn, ég er búinn að læra, síðan ég hingað kom á þessu sviði.

Og hef ég einnig starfað með læknunum á þessum hnetti og reynt að magna ykkur og aðra, og gengur það misvel að ná til ykkar, og finnum við helstefnu áhrif og lífstefnu áhrif mætast hjá ykkur eins og annars staðar.

Hef ég haft brennandi áhuga á þessu málefni, síðan ég hingað kom, og þykist ég vita að þið hafið áhuga á erindi mínu, ef mér tekst að koma því í gegn.

Vil ég fyrst fjalla um orkuna og hversu mikilvæg hún er, og kærleikurinn á milli mannanna eins og Kristur sagði, og er eins og rauður þráður í gegnum trúarbrögðin, einatt.

Og hefur dr. Helgi Pjeturss talað á þessum fundum, og er hann fjarstaddur, en talar um kærleikann sumuleiðis og samstillinguna, eins og hann nefnir það, og er ég því hjartanlega sammála, og er það ein af grundvallar stoðum starfs okkar hér í stöðinni og sjúkrahúsum þeim sem eru á þessum hnetti.

En hefur áhugamál mitt verið alveg sérstaklega það, eftir að ég hingað kom, að komast að því hvað gerist þegar líkaminn myndast á nýjum hnetti og hvernig hægt er að útskýra það.

Er ég að vísu lærlingur í þessu, en fann ég mögnun og tækifæri til að tala hér við ykkur og vildi byggja það tækifæri og koma með þetta erindi.

Ég hef sinnt venjubundnum læknisstörfum á þessum hnetti, en hef rannsakað og lært um þetta, og það er merkilegt til þess að hugsa að við höfum mælitæki og skjái, en samt gerist þetta ferli úti undir berum himni og á víðavangi og stundum ofan í heitum lindum, og sérstaklega mögnuðum svæðum.

Og hluti af endumenntun minni hér á nýjum hnetti, hefur verið að fræðast um það hvað gerist við endurlíkömnun fólksins sem hingað kemur, að svo miklu leiti sem það er hægt að úskýra.

Og verðum við að starfa undir þeim formerkjum að við erum aðeins litlir þátttakendur í atburðum sem eru stjórnað af Guðum og Gyðjum, sem hafa yfir miklu öflugri mætti að ráða en við, en hefur okkur verið veitt innsýn í ferli þetta og hvernig mælitæki okkar geta numið það sem gerist.

Og hef ég gott dæmi um það, að biskupinn gamli var ekki ánægður vegna þess að sonur hans átti í heilsufars örðugleikum eftir að hingað kom og snéri hann sér því að gömlu trúnni sinni.

Og hefur hann sína stöð á þessum hnetti, en það var lærdómsríkt að fylgjast með því ferli og öllum öðrum og sjá það hvernig mælitækin nema sérhver frávik frá heilbrigðum líkama og fylgjumst við með því hvernig Guðirnir og æðri mannkyn koma líkömum saman og hreinsa í burtu þær líkamsstöðvar sem kljást við veikindi og sjúkdóma.

En það er einnig ekki síður fróðlegt að fylgjast með því hvernig streyttst er á móti helstefnu jörðunum og hvernig fólk tekur með sitt stilliaflsvæði, og hamlar á móti lækninga áhrifum oft á tíðum, en mismikið þó.

Og getur það farið eftir stilliaflsvæði á okkar heimahnetti, eins og þeim hnöttum sem fólkið kemur frá, hversu hratt og auðveldlega það gengur að lækna fólk.

Vildi ég gjarnan lýsa þessum mælitækjum í smáatriðum, en eru þau víst ekki svo ósvipuð mörgu sem tíðkast hjá ykkur.

Nema við höfum aðgang að annars konar orku, sem er líforkan og tengist hún inn í þessi tæki, get ekki útskýrt þetta nánar, það er heil fræðigrein þar á bakvið.

En ég vil senda öllum kveðju heim á gamla Íslandi og vona að ég geti styrkt ykkur sem mest og vildi hér gjarnan rifja upp gamlar minningar og veit ekki hvort mér tekst það, orkunnar vegna, reyni að segja nafn mitt og hef unnið með Dungal.

Orkan er ágæt hjá ykkur, en við náum ekki að koma löngum erindum í gegn enn þá, en það kannski batnar.

Ég reyni að koma síðar, verð nú að kveðja, Úlfur Ragnarsson læknir.

*Vertu sæll, velkominn aftur.*

Takk fyrir, verið þið sæl. Reyni að koma síðar, takk fyrir blessuð.

*Blessaður.*